

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð og Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR)

Reykjavík, 04. nóvember 2021

Efni: Fyrirspurn varðandi stöðu hverfafélaga

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) var stofnað árið 1907 og er eitt fjölmennasta íþróttafélagið í Reykjavík. Félagið heldur úti starfsemi í 10 íþróttagreinum fyrir iðkendur á öllum aldri eða frá 2 til 90 ára með um 2400 virka skráða iðkendur. Félagið hefur verið skilgreint sem hverfafélag Breiðholts í póstnúmerum 109 og 111. ÍR hefur lagt upp með að byggja upp faglegt íþróttastarf sem ætlað er að efla hreyfingu allra aldurshópa í hverfinu með það að leiðarljósi að skapa farveg fyrir sem breiðastan hóp innan félagsins. Markmið félagsins er ávallt að bjóða upp á faglegt íþróttastarf og með því hvetja til íþróttaiðkunar í hverfinu. Þetta markmið mótast þau viðhorf og hugmyndir sem félagið hefur er snúa að því hvernig skipulag íþróttastarfs innan hverfisins ætti að vera háttað með tillit til fjölda íþróttafélaga sem bjóða upp á sömu íþróttagreinar.

ÍR telur að líta eigi til hagsmuna íbúa í hverfinu og hvernig íþróttahreyfingin geti þjónað þeim sem best þegar horfa á til þess hvort fjölga eigi íþróttafélögum sem bjóða upp á sömu íþróttagreinar innan hverfisins. Markmiðið á að vera að auka þjónustu við íbúa og skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi sem ýtir undir íþróttaiðkun og stuðlar að samheldni innan hverfisins. Íþróttir eiga að vera sameiningartákn og skapa eina heild. Út frá þessu sjónarmiði telur félagið það ekki ákjósanlega leið að fjölga þeim íþróttafélögum innan hverfis sem bjóða upp á sömu íþróttagreinar. Telja má það ólíklegt að slík þróun ýti undir aukna íþróttaiðkun barna í hverfinu og sé frekar til þess fallin að skapa aukna hættu á kloffningi innan hverfisins og aukinn rekstur og utenumhald innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt eru kröfu á íþróttafélög að aukast varðandi gæði þjónustu og fagleg vinnubrögð sem gera íþróttafélögum og þá sérstaklega litlum einingum erfitt fyrir. Áhersla ætti frekar að vera á að auka samstöðu, samheldni og stærðarhagkvæmni með það að markmiði að ýta undir aukin gæði í starfinu. Jafnframt telur félagið að horfa ætti til þess að auka framboð og fjölbreytni enda hafa íbúar kalla eftir greinum á borð við blak, borðtennis og badminton. Að mati félagsins er nauðsynlegt að skoða þetta út frá öllum sjónarhornum og þá sérstaklega út frá þörfum íbúa en ólíklegt má teljast að tvö félög með sömu greinar innan hverfis þjóni þeim tilgangi.

Félagið óskar eftir svörum frá Reykjavíkurborg og stjórn ÍBR varðandi þá stefnu er snýr að hverfafélögum og fjölgun þeirra. Í því samhengi vísar félagið til samantektar vinnuhóps sem skipaður var í byrjun árs 2021 til þess að skoða skilyrði hverfafélaga. Í þeirri samantekt er tekið fram að hvetja eiga til stækkunar/samruna félaga þar sem íþróttafélög í dag eiga í erfiðleikum með að mæta þeim auknu kröfum sem gerðar eru um þjónustu og fagleg vinnubrögð. Jafnframt óskar félagið eftir svörum hvernig fjármagni og tímaúthlutun er háttað til félags sem hefur störf í hverfi þar sem til staðar er hverfafélag sem býður upp á viðkomandi íþróttagrein. Félagið óskar einnig eftir því að fá upplýsingar um hver staða hverfafélaga er gagnvart öðrum félögum sem ætla sér að bjóða upp á sömu grein og hverfafélagið býður upp á.

F.h. Íþróttafélags Reykjavíkur,

Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir